

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

122. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 4. apríl 2013 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Fundargerð stýrihóps um skólastefnu í Pingeyjarsveit frá 26.03.2013:
3. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Þinghúsið, Aðaldal:
4. Jarðeignir sveitarfélagsins:

Til kynningar:

- a) Fundargerð 13. fundar stjórnar Atvinnueflingar Pingeyjarsveitar ehf.:
- b) Fundargerðir 6., 7., 8. og 9. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga:

Mætt: Ólína Arnkeldsdóttir, Arnór Benónýsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Guðrún Tryggvadóttir í forföllum Árna Péturs Hilmarssonar og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson í forföllum Ástu Svavarsdóttur auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð. Ásvaldur Ævar Þormóðsson forfallaðist á síðustu stundu og ekki kom varamaður í hans stað.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 5 lið; Ársfundur Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar 2013 og undir 7. lið; Árbót í Aðaldal – breyting á Aðalskipulagi Pingeyjarsveitar 2010-2022.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð stýrihóps um skólastefnu í Þingeyjarsveit frá 26.03.2013:

Lögð fram fundargerð stýrihóps um skólastefnu í Þingeyjarsveit frá 26. mars s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og felur sveitarstjóra að bóka húsnæði fyrir opinn íbúafund um drög að skólastefnu sem halda skal 29. apríl n.k.

3. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Þinghúsið, Aðaldal:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistingar og veitingu veitinga í Þinghúsinu, Aðaldal.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við endurnýjun á rekstrarleyfinu.

4. Jarðeignir sveitarfélagsins:

Lagður fram listi yfir jarðeignir sveitarfélagsins og rætt um veiðileyfi, eftirlit og frekara skipulag en mikill fjöldi veiðimanna stundar veiðar á umræddum svæðum.

Samþykkt að skipa starfshóp sem í sitji þrír fulltrúar, Árni Pétur Hilmarsson, Margrét Bjarnadóttir og sveitarstjóri. Starfshópnum er ætlað að fara yfir þessi mál og koma með tillögu að skipulagi svo betur megi fara.

5. Ársfundur Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar 2013:

Lagt fram fundarboð ársfundar Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar árið 2013 sem haldinn verður 10. apríl n.k.

Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

6. Árbót í Aðaldal – breyting á Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022:

Lögð fram tillaga að stækkun frístundabyggðar í landi Árbótar í Aðaldal. Núverandi svæði er skilgreint í aðalskipulagi sem F-05, 10,0 ha. stórt svæði. Breytingin felur í sér stækkun í 21,0 ha. og fjöldi lóða fer út 13 í 17 lóðir.

Sveitarstjórn samþykkir að fyrrgreind breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 verði auglýst og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð eins og skipulagslög nr. 123/2011 mæla fyrir um.

Til kynningar:

- a) Fundargerð 13. fundar stjórnar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf.:
- b) Fundargerðir 6., 7., 8. og 9. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:30

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Guðrún Tryggvadóttir

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson